



ÁRSSKÝRSLA 2020-2021

EFNISYFIRLIT

Ávarp framkvæmdastjóra	3
Ávarp stjórnarformanns	4
Starf stjórnar og skrifstofu STEFs frá maí 2020 til maí 2021:	
Skipan stjórnar	5
Stefnumótunarfundur stjórnar	5
Fulltrúaráð STEFs	5
Allsherjarnefnd STEFs	6
Keychange-skuldbindingin	6
Verkefnið <i>Vindur í seglum</i>	6
Nýr samningur við Þjóðkirkjuna	7
Breyttar reglur Upptöku- og Nótnasjóðs	7
Nýr samningur við Spotify	7
Nýr samningur við YouTube	7
Varað við uppkaupssamningum	7
Verðskrá v. streymistónleika	8
Sérstakar styrkveitingar	8
Ytra umhverfi:	
Áhrif COVID-19	9
Skýrsla ESB um áhrif COVID-19	10
Réttindabaráttu STEFs innan IHM	12
Breyting á lögum um endurgreiðslu hljóðritunarkostnaðar	13
Umsagnir STEFs v. laga og reglugerða	13
Ýmislegt úr starfinu:	
Jakob og Þórir heiðraðir	14
Langspilið - Verðlaun STEFs	14
Dagur íslenskrar tónlistar	15
Íslensku tónlistarverðlaunin	16
Viðburðir, vinnustofur og fleira:	
Vinnustofa um uppkaupssamninga	17
Hljóðsetning 101	17
Lagasmíðabúðir: NordicLA	17
Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunin	17
Tónatal	18
Tengd félög, nefndir og ráð	19
Menningarsjóður STEFs	20
Ráðstöfun menningarframlags STEFs af hálfu aðildarfélaganna:	
Greinargerðir FTT og TÍ	21-22
Tölfræði og nokkrar lykiltölur úr ársreikningi 2020	23-27



ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

Í ávarpi mínu fyrir síðustu ársskýrslu voru mér efst í huga þau áhrif sem COVID-19 hafði haft í þá tvo mánuði sem þá voru liðnir frá því að sýkingin kom fyrst til landsins. Því miður raungerðist það sem allir óttuðust á þeim tíma, þ.e.a.s. að ástandið myndi dragast á langinn og það er fyrst nú á vormánuðum 2021 sem við eygjum von á að sjá fyrir endann á samkomutakmörkunum og öðrum sóttvarnarráðstöfunum. Áhrif farsóttarinnar hafa haft umtalsverð áhrif á rekstur STEFs á s.l. ári, eins og nánar er gert grein fyrir síðar í þessari skýrslu. Við sjáum þó að tekjur erlendis frá og frá tónlistarveitum hafa aukist milli ára, en aukningin er þó ekki nægileg til að vega upp á móti tekjufallinu vegna lokunar veitingastaða og því að ekki hefur verið hægt að halda almennilega tónleika í u.þ.b. ár. Tekjufallið kemur

mjög misjafnlega niður á einstökum hópum tónhöfunda. Í því sambandi er sérstaklega vert að minnast á höfunda sígildrar- og samtímatónlistar, en lifandi flutningur er einn helsti tekjustraumur þessa hóps.

Vegna tekjufalls af lifandi flutningi hafa augu tónhöfunda beinst meira en áður að streymistekjum. Fyrir skömmu birti MIDia Research skýrslu um tekjur tónhöfunda af streymi, en Björn Ulveus, forseti CISAC, lét vinna þá skýrslu.¹ Þar kemur margt forvitnilegt fram sem rætt hefur verið víða, en enginn þorað að setja fram með jafn afdráttarlausum hætti. Niðurstaðan er í stuttu máli sú, að tekjum streymis er greinilega misskipt milli höfunda annars vegar og hljómplötuframleiðenda og flytjenda hins vegar. Í raun má það sæta furðu að tónhöfundar hafi svo lengi sætt sig við „hvernig refirnir eru skornir“, svo vitnað sé í máltæki sem fyrrverandi formanni STEFs, Jakobi Frímanni Magnússyni, hefur verið tamt í þessu sambandi. Gróft á litið má segja að þóknun tónhöfunda af streymi sé þrisvar sinnum lægri en þóknun framleiðenda og flytjenda. Á sama tíma telur meirihluti streymisáskrifenda að lagið sjálft skipti meira máli en sá sem það flytur.

... tekjum streymis er greinilega misskipt í dag milli höfunda annars vegar og hljómplötuframleiðenda og flytjenda hins vegar...

Um leið og streymisveitur hafa opnað leið fyrir tónhöfunda að milljónum hlustenda er sjaldgæft að tónhöfundar fái það miklar tekjur af streymi að það skapi lífeyri. Til þess að fá almennilegar tekjur frá streymisveitum þurfa tónhöfundar að ná mörg hundruð þúsundum streyma á mánuði og í hagkerfi sem snýst um einstök lög eða „hittara“, en ekki plötur, er slíkt nánast ómögulegt, hvað þá þegar íslenskan er tekin inn í myndina, tungumál sem sárafáir tala. Í umræðunni hefur einnig verið rætt um að gera breytingar á úthlutun til tónhöfunda, á þann hátt að áskriftargreiðsla hvers og eins renni til þeirra sem viðkomandi er að spila, í stað þess að spilanir og heildaráskriftartekjur séu settar í sama pottinn. Ljóst er að slík úthlutunaraðferð myndi skila sér í auknum tekjum til íslenskra höfunda, sem teljast jú velflestir vera litlir á alþjóðlegan mælikvarða.

Þá verður að segjast að höfundaréttarsamtök hafa verið misvel í stakk búin til að takast á við þetta nýja landslag og því miður hafa tekjur af streymi borist of hægt og illa á milli höfundaréttarsamtaka og þar með til höfunda. Í þessu sambandi má þó nefna, að við sjáum nú þegar mikinn árangur af nýjum samningi STEFs við Spotify (sem er með langstærstu markaðshlutdeild streymisveita í heiminum, með 32% hlutdeild á árinu 2020²), en nú fær STEF greitt beint frá Spotify, ekki bara frá íslenskum áskrifendum, heldur einnig af íslenskri tónlist sem streymt er í allri Evrópu, Afríku, Mið-Austurlöndum og hluta Asíu.

Ljóst er að betri samningar höfundaréttarsamtaka við streymisveitur munu þó ekki kollvarpa kerfinu einir og sér. Er það því von mín að skýrsla Björns Ulveus verði neistinn sem þarf til að hagkerfi streymisveita verði endurskoðað frá grunni og að hagsmunir tónhöfunda verði hafðir betur í forgrunni en verið hefur.

Með vorkveðju,

Guðrún Björk Bjarnadóttir

¹ <https://www.midiaresearch.com/reports/rebalancing-the-song-economy>

² <https://musicindustryblog.wordpress.com/tag/music-subscriber-market-shares/>



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Árið 2020 var þungt fyrir tónlistarlífið, rétt eins og samfélagið allt. Tónlistarfólki var hreinlega meinað að koma fram og flytja verk sín opinberlega fyrir áhorfendur og rækta þar með nauðsynlegt samband sitt við þá. Tónleikum og ferðalögum var aflýst, frumflutningi, pöntunum verka og jafnvel stórafmælum frestað. Tekjur af tónleikum og hvers kyns viðburðum þurrkuðust nánast út. Þrátt fyrir það var gróska í útgáfu á íslenskri tónlist, sem sýnir að ekkert fær stöðvað sköpunarkraftinn sem býr í okkar magnaða listafólki.

STEF lék varnarleik í þessu ástandi og hélt sínum hlut nokkuð vel, á þessu erfiða ári. Þrátt fyrir að stórir tekjustofnar létu töluvert á sjá. Má þakka það öflugu starfsfólki, traustri innheimtu og dreifðum tekjustofnum. Þó að innheimta af tónleikum og af ýmsum opinberum flutningi drægist saman, héldu útvarp og sjónvarp velli auk þess sem umtalsverð aukning varð í streymi tónlistar. Ljóst að tekjur af því eru að aukast ár frá ári, sem veita langþráða viðspyrnu eftir hrun eintakasölnunar.

Ljóst er að næstu mánuðir ráða úrslitum um tekjur STEFs á nýju ári. Mikilvægt er að tónlistarfólk nái fljótt vopnum sínum, sem og hljóðfærum ...

Mikilvægir samningar við stofnanir eru ýmist í höfn eða í smíðum við helstu stofnanir auk þess sem við njótum góðs af erlendu samstarfi við gerð samninga við helstu efnisveitur. Nauðsynlegt hefur reynst að standa þéttan vörð með systursamtökum okkar á Norðurlöndunum um höfundaréttinn, m.a. gegn uppkaupssamningum og yfirgangi stórra netrisa.

Ýmislegt jákvætt gerðist á árinu. Aðilar innan tónlistarlífsins sneru bökum saman og töluðu einni röddu í samtali sínu við stjórnvöld, ekki síst með sérstakri skýrslu um áhrif COVID á tónlistarbransann. Hafði sú vinna bein áhrif á veitingu tekjufallsstyrkja undir lok ársins, auk þess sem undirbúningur hófst að stofnun nýrrar öflugrar Tónlistarmiðstöðvar, sem vonandi verður að veruleika áður en langt um líður. En slíka miðstöð hefur sárlega vantað, sem hryggjarstykki í íslenskt tónlistarlíf. Þá má nefna að nýtt og glæsilegt fulltrúaráð tók til starfa eftir talsverðar breytingar á samþykktum félagsins.

Ljóst er að næstu mánuðir ráða úrslitum um tekjur STEFs á nýju ári. Mikilvægt er að tónlistarfólk nái fljótt vopnum sínum, sem og hljóðfærum — og að tónlistarlífið nái fljótt aftur styrk í tónleikahaldi, flutningi nýrra verka og áframhaldandi blómlegri útgáfu íslenskrar tónlistar. Ef það gerist eru bjartir og fagrir tónar framundan og víst að við náum að byggja áfram á þeim trausta grunni sem STEF stendur á. Þá er bara að telja í.

Reykjavík, 4. maí 2021

Bragi Valdimar Skúlason

STARF STJÓRNAR OG SKRIFSTOFU STEFs FRÁ MAÍ 2020 TIL MAÍ 2021

Í skýrslunni er að finna helstu verkefni og stefnumál STEFs á ofangreindu tímabili, lykiltölur úr rekstri og yfirlit yfir starfsemi og úthlutanir STEFs. Þá er hér einnig að finna yfirlit yfir stjórnskipan STEFs og upplýsingar um þá sem STEF hefur tilnefnt í hinar ýmsu nefndir og ráð, svo og þá sem gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir samtökin.

Skipan stjórnar STEFs á liðnu starfsári:

Bragi Valdimar Skúlason, formaður
 Þórunn Gréta Sigurðardóttir, varaformaður
 Hallur Ingólfsson
 Hildur Kristín Stefánsdóttir
 Páll Ragnar Pálsson
 Sigríður Thorlacius
 Sigurður Flosason

Varamenn í stjórn voru Snorri Helgason, Puríður Jónsdóttir, Pétur S. Jónsson, Logi Pedro Stefánsson, Úlfar Ingi Haraldsson, Óttarr Proppé og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson.

Stefnumótunarfundur stjórnar

Stjórn STEFs hélt sérstakan stefnumótunarfund þann 20. maí 2020. Var þar margt rætt og skrafað, en í stuttu máli töldu fundarmenn að leggja ætti áherslu á eftirfarandi þætti (til ársins 2025):

- Endurnýja samninga við helstu fjölmiðla
- Halda áfram að bæta ímynd STEFs
- Styrkja tekjustofna (IHM, streymi og erlend innheimta)
- Efla innra starf (sameining aðildarféлага og fjölbreytileika í stjórn og undirnefndum)
- Starfsumhverfi (hagsmunagæsla gagnvart stjórnvöldum og stofnun Tónlistarmiðstöðvar)

Fulltrúaráð STEFs

Eftirfarandi skipa fulltrúaráð STEFs 2020-2022:

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson	Hera Björk Þórhallsdóttir	Páll Ragnar Pálsson
Auðunn Atlason	Hildigunnur Rúnarsdóttir	Pétur S. Jónsson
Bragi Valdimar Skúlason	Hildur Kristín Stefánsdóttir	Snorri Helgason
Gunnar Andreas Kristjánsson	Jakob Frímann Magnússon	Sigríður Thorlacius
Gunnar Þórðarson	Katrína Mogensen	Sigurður Flosason
Hafdís Bjarnadóttir	Logi Pedro Stefánsson	Úlfar Ingi Haraldsson
Hallur Ingólfsson	Óttarr Proppé	Þórunn Gréta Sigurðardóttir

Á aðalfundi fulltrúaráðsins þann 23. maí 2020, sem var fjarfundur, var Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson kjörinn formaður. Fulltrúaráðið kaus þar nýja stjórn STEFs til tveggja ára, þá sem greint er frá hér á undan. Á fundinum voru m.a. samþykktar breytingar á kosningafyrirkomulagi samþykka STEFs, með þeim hætti að rafræn atkvæðagreiðsla verður meginregla, þótt áfram verði hægt að kjósa bréflega, óski menn sérstaklega eftir því.

Vegna veiruástandsins var venjubundinni samkomu fulltrúaráðs samhliða aðalfundi frestað til 26. september, en þá hittust ráðsmenn og áttu góða stund á veitingastaðnum Laterna við Ægisgarð.

Fulltrúaráð fundaði einnig þann 17. desember 2020, aftur í gegnum fjarfundarbúnað, þar sem farið var m.a. yfir úthlutanir ársins.

„Allsherjarnefnd“ STEFs

Nýlega var sett á fót nefnd þriggja manna „Allsherjarnefnd“, skipuð þeim Aðalsteini Ásberg Sigurðssyni, Atla Ingólfssyni og Óttarri Proppé, sem í samvinnu við framkvæmdastjóra er ætlað að endurmeta úthlutunarreglur STEFs og sníða að breyttum tímum. Vinna nefndarinnar gengur vel og hefur hún hist reglulega á undanförunum mánuðum.

Keychange-skuldbindingin

STEF er samstarfsaðili að hinu alþjóðlega Keychange-verkefni, sem gengur út á að auka hlut kvenna og annarra kyngerva í minnihluta í tónlist. Hluti af verkefninu er hin s.k. „Keychange-skuldbinding“ (e. Keychange Pledge), sem þátttakendur gangast undir. Sjórn STEFs ákvað á árinu að gangast undir þessa skuldbindingu. Skuldbinding STEFs hljómar svo:

STEF heitir því ...

- ... að regluverk og gjörðir samtakanna endurspegli fjölbreytileika meðlima þeirra.
- ... að gæta að jöfnu kynjavægi á tónleikum og viðburðum sem samtökin standa fyrir.
- ... að gæta að kynjavægi fyrirlesara eða pallborðspáttakenda á ráðstefnum og fyrirlesturum sem samtökin standa fyrir ein og sér eða í samstarfi við aðra.
- ... að tryggja konum og öðrum kyngervum í minnihluta aðgang að stuðnings- og styrkjakerfi samtakanna.
- ... að gæta að jöfnu kynjahlutfalli í nefndum, ráðum og sjóðsstjórnnum samtakanna, að svo miklu leyti sem mögulegt er.
- ... að hvetja meðlimi til að hafa kynjajafnræði hugfast við kosningar sem samtökin standa fyrir.

Íslandsvika Keychange

Íslandsvika Keychange hófst þann 15. febrúar s.l. með ánægjulegu fréttum um fjölda nýrra aðila sem undirritað hafa Keychange-skuldbindinguna og með tilkynningu um tvo nýja Keychange „sendiherra“, annars vegar forsetafrú Íslands, Elizu Reid, og tónskáldið Önnu Þorvaldsdóttur.

Það eru STEF og Iceland Airwaves sem leiða vinnu Keychange hér á landi og þann 18. febrúar stóð Keychange fyrir rafrænni málstofu um kynjað tungutak (e. gendered language) í íslenska tónlistarbransanum og áhrif þess innan geirans. Umræðum stjórnnaði Andie Fontaine (ritstjóri The Reykjavík Grapevine) og þátttakendur voru Eliza Reid, Andri Snær Magnason rithöfundur, Ragna Kjartansdóttir (Keychange þátttakandi, Cell7) og Sóley Tómasdóttir, sérfræðingur í kynjafræði.

Verkefnið „Vindur í seglum“

Á árinu 2020 var hleypt af stokkum tilraunaverkefni, að tillögu nýstofnaðrar jafnréttisnefndar STEFs. Verkefnið er n.k. „mentor-prógramm“ fyrir konur (og önnur kyngervi í minnihluta). Átakinu er ætlað að styðja áhugasama höfundu við að feta sín fyrstu skref í tónlistargeiranum og koma verkum sínum á framfæri. Vakti verkefnið verðskuldaða athygli, bárust 44 umsóknir bárust og valdi jafnréttisnefnd til þátttöku þær Valdísi Valbjarnardóttur, Alexöndru Elfar og Fríðu Hansen.

Nýr samningur við Þjóðkirkjuna

Þann 26. júní 2020 var undirritaður samningur milli Þjóðkirkjunnar og STEFs, sem heimilar opinberan flutning á tónverkum í helgihaldi og safnaðastarfi. Samningurinn felur það í sér, að höfundaréttargjöld af allri hefðbundinni starfsemi sem undir Þjóðkirkjuna fellur verða greidd af Þjóðkirkjunni. Þar á meðal eru útfarir, þannig að útfararþjónustur hættu nú að innheimta slík gjöld af aðstandendum. Lýkur þar með löngu og farsælu samstarfi STEFs við helstu útfararþjónustur landsins. Jafnframt veitir samningurinn kirkjunni leyfi til að gera upptökur og standa fyrir netstreymi frá útförum, sem mjög hefur færst í aukana á undanförunum misserum. Öll tónlistarstarfsemi Þjóðkirkjunnar er nú falin í einum samningi, sem vafalaust verður öllum til hægðarauka. Vert er þó að geta þess að samningurinn nær ekki til tónleika sem haldnir eru á vegum Þjóðkirkjunnar eða þegar kirkjur eru leigðar til tónleikahalds. STEF vinnur nú að gerð sambærilegra samninga við önnur trú- og lífsskoðunarfélög og hefur sett sér sérstaka verðskrá vegna tónflutnings þeirra, sem byggð er á samningnum við Þjóðkirkjuna.

Breyttar reglur Upptöku- og Nótnasjóðs

Breytingar voru gerðar á starfsárinu á verklagsreglum fyrir *Upptökusjóð* og *Nótnasjóð* STEFs. Fela breytingarnar í sér að sérstaklega er tekið frá fé, allt að 10% úthlutunarfrjár, til úthlutunar fyrir nýliða — og er ekki horft til höfundaréttartekna þeirra við ákvörðun úthlutunar.

Nýr samningur við Spotify

STEF hefur undirritað nýjan samning við Spotify í samstarfi við Polaris Music Hub (sameiginleg leyfismiðstöð systursamtaka STEFs í Noregi, Danmörku og Finnlandi).

Hinn nýi samningur er frábrugðinn eldri samningi að því leyti að hann tekur til streymis íslenskra verka í öllum löndum Evrópu, þar með talið á Íslandi, en eldri samningur tók aðeins til Íslands.

Fyrir utan að tryggja aðeins hærra leyfisgjöld, þá verður reikningagerð og samkeyrsla gagna frá Spotify einfaldari og greiðslur munu berast hraðar og með öruggari hætti til réttihafa. Innheimta og bakvinnsla fyrir streymi allra Evrópulanda mun þannig berast STEFi frá einum aðila, NMP (sem annast bakvinnslu fyrir STEF og systursamtök STEFs í Noregi, Danmörku og Finnlandi), í stað þess að áður bárust streymisgreiðslur í gegnum hin ýmsu evrópsku systursamtök STEFs.

Nýr samningur við YouTube

Síðastliðið haust gerði Polaris Hub — sameiginleg leyfismiðstöð KODA (Danmörk), Teosto (Finnland) og TONO (Noregur) — nýjan samning við YouTube, sem kemur í stað eldri samnings. STEF er einnig aðili að þessum samningi, sem er afrakstur áralangrar baráttu, einkum KODA, við netrisann Google, eiganda YouTube.

Heildargreiðsla hækkar frá því sem var í eldri samningi, en erfitt að þó að bera nýja samninginn saman við þann eldri, sem tók aðeins til Íslands, því nýi samningurinn tekur til streymis á mun fleiri svæðum.

Varað við uppkaupsamningum

STEF sendi áskorun til *Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda* (SÍK) í byrjun ársins, þar sem skorað var á framleiðendur kvikmynda og sjónvarpsefnis að gæta að réttindum tónhöfunda. Í bréfinu var sérstök athygli vakin á og varað við svokölluðum uppkaupsamningum (e. buy-out) sem nú eru orðnir algengari en áður í Evrópu. Nánar er greint frá uppkaupsamningum aftar í skýrslunni.

Verðskrá vegna streymistónleika

Í desember gaf STEF út sérstaka verðskrá er tekur til streymistónleika og streymdra viðburða. Hún tekur mið af breyttum aðstæðum tónleikahaldara vegna COVID-19. Á vefsvæði STEFs er að finna útlistun og skýringar þar að lútandi.

Sérstakar styrkveitingar

Á starfsárinu ákvað stjórn að veita eftirfarandi verkefnum sérstaka styrki:

- Söngvasmiðja FTT (sem síðan var frestað vegna heimsfaraldursins)
 - Úrbótasjóður tónleikastaða
 - Tónmenntavefurinn
-

YTRA UMHVERFI ÁHRIF COVID-19



Það er kunnara en frá þurfi að greina, að áhrifa COVID-19 gætti mjög á tímabilinu sem þessi ársskýrsla tekur til — og er fyrirsjáanlegt að þeirra muni gæta áfram á næstu misserum, með tilheyrandi tekjutapi fyrir höfunda og annað tónlistarfólk.

Staðan og úrræði hérlendis

Samráðshópur tónlistariðnaðarins, samsettur af 12 hagsmunasamtökum, STEF þ.á.m., stóð fyrir samstöðufundi þann 2. september, sem fram fór í gegnum fjarfundabúnað, eðli málsins samkvæmt. Um 130 manns sóttu fundinn og fékk hann töluverða fjölmiðlaumfjöllun í kjölfarið. Félag sjálfstætt starfandi tónlistarfólks vakti á sama tíma einnig máls á slæmri stöðu innan sinna raða.

Samráðshópurinn fékk BHM með sér í lið til að vinna hagfræðilega greiningu á ástandinu og var lögð könnun fyrir aðila sem starfa í skapandi listgreinum. Niðurstöður sýndu m.a. að 75-85% svarenda sögðust ekki geta staðið undir fjárhagslegum skuldbindingum á næstunni (eins og það var orðað). Um 67% sagðist hafa sótt um hefðbundnar atvinnuleysisbætur eða ætluðu sér að gera það. BHM sagði ýmislegt benda til að þáverandi bótaúrræði nýttust illa og væru óaðgengileg þessum hópi, þar sem margir svarenda væru sjálfstætt starfandi og fengu því aðeins hluta bóta greiddan eða hafði verið neitað um bætur.

Í kjölfar könnunar settu hagsmunaaðilar aukinn þrýsting á ráðamenn til að bjóða sjálfstætt starfandi listafólki upp á bótaúrræði. Nokkuð þótti mönnum ganga hægt og djúpt vera á viðbrögðum ráðamanna, en það tafði málið nokkuð að ráðuneytið vildi vinna mótaðgerðir með BÍL (þvert á listgreinar) og fluttist þungamiðja vinnunnar í kjölfarið nokkuð frá samráðshópnum yfir til BÍL og BHM.

Tekjufallsstyrkir

Í október var loksins lagt frumvarp fyrir Alþingi sem ætlað var að koma til móts við einyrkja eins og sviðslistafólk, sem og smærri fyrirtæki með einn til þrjá starfsmenn. Það var þó ekki fyrr en í janúar 2021 að opnað var fyrir umsóknir um tekjufallsstyrki. Í stuttu máli eru bótaskilyrðin þau, að ef viðkomandi getur sýnt fram á að hafa orðið fyrir a.m.k. 50% tekjuskerðingu á 2. og 3. ársfjórðungi ársins 2020 m.v. sama tímabil á árinu 2019, þá gæti hann/hún átt rétt á tekjufallsstyrk allt að 400 þúsund krónum á mánuði fyrir þessa sex mánuði á hvern starfsmann. Nokkuð mun umsækjendum í fyrstu hafa gengið brösuglega að komast í gegnum umsóknarkerfið, sem nokkuð virtist brogað framan af, en um síðir var bætt úr því.

Þrátt fyrir þessi úrræði ríkisstjórnarinnar, virðist sem tiltölulega fáir hafi nýtt sér þetta úrræði, enn sem komið er. Stjórnarráðið birti skýrslu um þetta á vef sínum þann 27. apríl, þar sem m.a. segir: „Ekki er útlit fyrir að rekstraraðilar í menningargreinum hafi nýtt sé úrræðið í miklum mæli, aðeins um 150 rekstraraðilar í menningargreinum hafi fengið tekjufallsstyrk fyrir nær 430 millj.kr.“³

Staðlaðar fyrirframgreiðslur STEFs

Eins og fram kom í síðustu ársskýrslu, ákvað stjórn STEFs snemma á árinu 2020 að bjóða upp á staðlaðar fyrirframgreiðslur til að koma til móts við erfiða fjárhagsstöðu meðlima. 38 höfundar nýttu sér úrræðið fyrir samtals kr. 11.150.000. Stjórn STEFs ákvað í byrjun árs 2021 að endurtaka þennan möguleika á stöðluðum fyrirframgreiðslum til höfunda.

Fyrirsjáanlegt tekjutap STEFs vegna COVID-19

Það er ljóst að veirufárið mun hafa veruleg áhrif á úthlutanir STEFs á næstu misserum. Einkum hefur orðið hrun í tekjum af bakgrunnstónlist og tónleikahaldi, en áætlað er að samdráttur í tónleikageiranum nemi um 78% á milli ára. Verulegur tekjusamdráttur er einnig fyrirsjáanlegur tengdur bakgrunnstónlist, þar sem þjónustugeirinn hefur orðið illa úti, þ.á.m. veitingahús, verslanir o.þ.h. Í þessu sambandi má gera ráð fyrir að afskrifaðar kröfur muni nema a.m.k. 25 milljónum, en í stuttu máli gera áætlanir ráð fyrir að tekjur STEFs dragist saman um a.m.k. 150 milljónir króna milli ára. Eins og sjá má aftar í skýrslunni, þá eru það einkum tekjur af tónleikum sem dregist hafa mjög saman, sem og af veitingahúsum. Þrátt fyrir sýnilegan samdrátt á þessum tekjupóstum í ársreikningi 2020, þá er víst að neikvæð áhrif COVID-19 á þessa pósta eru ekki komin fram að fullu og þeirra mun einnig gæta mjög í næsta ársreikningi.

SKÝRSLA ESB UM ÁHRIF COVID-19 Á SKAPANDI GREINAR

Staðan fyrir veirufíð

Fyrr á þessu ári birtist ítarleg skýrsla, sem EY (Ernst and Young) gerði fyrir tilstuðlan ESB, um áhrif COVID-19 á skapandi greinar, undir fyrirsögninni “Byggjum Evrópu upp á ný”. Þar kemur fram að á árinu 2019 voru menning og listir, eða það sem oft er kallað „hinar skapandi greinar“, ein meginstoð hagkerfis Evrópu. Stóðu þessar greinar undir 4,4% af vergri landsframleiðslu Evrópulanda og 7,6 milljónir starfa voru beintengd menningar- og listastarfsemi.

³ <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/04/27/Urraedi-vegna-faraldurs-Skyrsla-um-nytingu-heimila-og-fyrirtaekja/>

Mikill vöxtur hafði verið í þessum geira á undangengnum árum og tekjur tengdar menningu og listum aukist um 17% frá árinu 2013, samhliða því að starfsfólki hafði fjölgað um 10% á sama tíma. Til samanburðar er vert að benda á, að fyrir COVID-19 stóðu menning og listir undir hærri hagþöllum en allur lyfja- og bílaiðnaður í Evrópu samtals.

Ljóst þykir að stafræn dreifing menningarefnis hefur einkum verið drifkraftur aukins vaxtar, en markaðurinn tekur stöðugum breytingum með tækniþróun. Enn er þó viðvarandi ójafnvægi í tekjustreymi og hafa höfundar menningarefnis ekki notið sanngjarns endurgjalds fyrir framlag sitt. En hverju sem því líður, þá er ljóst að áframhaldandi þróun í stafrænni miðlun mun hafa í för með sér áframhaldandi vöxt og fjárfestingu í menningar- og listageiranum, hverju sem veirumálum líður.

Hátt fall í veirutíð

Í skýrslunni er áætlað tekjufall innan menningar- og listageirans á árinu 2020 hafi numið 31% frá fyrra ári, sem þýðir að í Evrópu nemur samdrátturinn um 199 billjónum evra. Til samanburðar er tekjufall ferðaþjónustu í Evrópu talið nema 27% á milli áranna 2019 og 2020. Það má því öllum vera dagljóst, hversu illa hinar skapandi greinar hafa farið út úr veirufaraldrinum. Skýrslan áætlar að tekjufall höfundaréttarsamtaka sé enn meira, muni nema um 35% á milli ára og því er fyrirsjáanlegt að úthlutanir þeirra til meðlima muni skerðast verulega á næstu árum.

Lífið eftir veirutíð

Því miður mun aukin stafræn neysla á borð við streymi ekki komast nálægt því að bæta upp tap geirans, sem halda mun áfram að blæða út á meðan ekki er hægt að halda tónlistarviðburði með áhorfendum. Hið dökka útlit endurspeglast í könnun sem skýrsluhöfundar stóðu fyrir, þar sem 46% svarenda sögðu, að þótt um síðir kæmi að því að tónleikahald yrði heimilt án takmarkana, þá gætu þau ekki hugsað sér að sækja tónleika mánuðum saman. Það sem meira er, að 21% svaranda taldi ólíklegt að þau sæktu slíka viðburði í nokkur ár! Það er því ljóst að á brattann verður að sækja á næstu misserum.

RÉTTINDABARÁTTA STEFS INNAN IHM



Eins og mörgum er kunnugt, þá hefur verið nokkur ókyrrð innan IHM (Innheimtumiðstöð rétthafa) á undanförunum mánuðum. Aðild að IHM eiga 12 hagsmunasamtök, sem hvert og eitt hefur sína hugmynd um það hvernig úthluta skuli fjármunum IHM ár hvert.

Ekki er úr vegi að rifja upp, að upphaf þessa sjóðs má rekja til þess sem á sínum tíma var skattheimta af tónum segulböndum, en þeim fjármunum var ætlað að bæta tónhöfundum og flytjendum upp fjölföldun (var þetta á sínum tíma þekkt sem „kassettugjaldið“). Tónbönd véku síðan smátt og smátt fyrir stafrænni tækni án þess þó að breyting væri gerð á lagaumhverfinu, sem rýrði sjóðinn, svo mjög að á tímabili var hann nánast að engu orðinn. En fyrir nokkrum árum náðist það í gegn — ekki síst fyrir tilstuðlan tónhöfunda — að sú innheimta vegna eintakagerðar til einkanota, sem IHM annast, var sett á fjárlög, enda var það öllum ljóst að afritun hélt áfram, þrátt fyrir brotthvarf segulbanda.

Við þetta stækkaði sjóðurinn mjög. Í kjölfarið kom upp ágreiningur um skiptingu fjárins en úthlutun IHM miðaðist við gerðardóm frá 1999 um auð myndbönd og myndbandstæki ásamt samkomulagi frá 2004 um auða geisladiska.

Einkum hafa línur verið skarpar á milli höfundafélaganna annars vegar og flytjenda- og framleiðslufélaganna hins vegar. Síðarnefndi vængurinn vill að farin verði þriðjungsskiptaleið (höfundar/flytjendur/framleiðendur), en höfundafélagin hafa ekki sætt sig við það, enda telja þau höfunda verðugri hærri hlutar.

Til að hafa sitt fram óskuðu flytjendur og framleiðendur nýlega eftir að haldinn yrði fulltrúaráðsfundur, þar sem forsvarsmenn þeirra lögðu til breytingar á samþykktum IHM, til að styðja undir sínar kröfur. Skemmst er frá því að segja, að fundurinn hafnaði þeim breytingartillögum. Hins vegar var þar samþykkt að fara í formlega sáttameðferð með tilkomu sáttamanns (sem um leið er forsenda þess að hægt sé að bera málið undir gerðardóm, komi til þess). Á sama tíma hafa höfundafélagin verið tilbúin að skoða hvort hægt sé að ná sáttum án formlegrar sáttameðferðar.

Nú í apríl lagði sáttamaður fram miðlunartillögu, sem gengur út á það að færa hlut STEFs úr 20% niður í 13%. Sáttamaður grundvallar það á því að aukið streymi tónlistar hefði haft þau áhrif að eintakagerð hafi minnkað, ályktun sem hann virðist byggja á eigin brjóstviti, því engin gögn liggja því til grundvallar. En samkvæmt þeim gögnum sem STEF hefur nú aflað virðist lítið styðja þessa ályktun — þvert á móti má segja að það hafi aldrei

verið auðveldara að hlaða niður tónlist með aðstoð Spotify, sem býður upp á þann möguleika, en yfir 100.000 notendur á Íslandi greiða áskriftargjöld að Spotify og þ.á.m. um 30.000 fyrir fjölskylduáskrift, þar sem notendur eru mun fleiri.

Stjórn STEFs telur kjarnann í röksemdafærslu STEFs vera þann, að tæknibreytingar hafi ekki leitt til þess að úthlutun IHM til STEFs ætti að lækka — og ef fallist yrði á tillögu sáttamanns, þá yrði skerðingin umtalsverð fyrir meðlimi STEFs og auk þess ljóst að mjög erfitt yrði í framtíðinni að vinna ofan af slíku eða sækja frekari tekjur til IHM.

Á grundvelli þess samþykkti stjórnin að hafna sáttatillögunni og láta reyna á málið fyrir gerðardómi, eins og kveðið er á um í samþykktum IHM. En jafnframt samþykkti stjórnin að fulltrúar STEFs í stjórn IHM gætu leitað sátta í millitíðinni, sem og að samþykkja að úrskurður gerðardóms myndi gilda að lágmarki í einhvern tiltekinn tíma, t.d. í fimm ár, þannig að burtséð frá niðurstöðu dómsins, þá yrði ákveðin friðarskylda innan IHM að þessu leyti.

Breyting á lögum um endurgreiðslu vegna hljóðritunarkostnaðar

Alþingi hefur samþykkt þá breytingu á lögum um endurgreiðslu hljóðritunarkostnaðar, að í stað 30 mínútna lágmarkstíma, sem áður þurfti til að eiga rétt á endurgreiðslu, þá hefur lágmarkið verið fært niður í 14 mínútur. Þetta eykur sveigjanleika kerfisins, gerir tónlistarfólki kleift að sækja örar um endurgreiðslu hljóðritunarkostnaðar og verður vonandi til þess að umsóknum fjölgar.

Minna má á, að frá 1. janúar 2020 var tekið að skattleggja höfundaréttargreiðslur sem *fjármagnstekjur einstaklinga utan rekstrar*, eins og það er nefnt í lögnum, en áður voru slíkar tekjur skattlagðar sem almennar launatekjur. Frá þessu var vel greint í síðustu ársskýrslu, en vert er fyrir réttshafa, sem ekki hafa kynnt sér málið, að gera það, en nánari fróðleik um það er að finna á heimasíðu STEFs.

Umsagnir STEFs vegna laga og reglugerða

STEF sendi á starfsárinu nokkrar umsagnir vegna fyrirhugaðra lagabreytinga. Þær voru annaðhvort sendar beint til nefnda Alþingis eða í samráðsgátt ríkisstjórnarinnar. Umsagnir voru veittar vegna eftirfarandi mála:

- Frumvarp til breytinga á lögum um endurgreiðslu hljóðritunarkostnaðar.
- Reglugerð um Sinfóníuhljómsveit Íslands.
- Reglur mennta- og menningarmálaráðuneytisins um viðurkenningu sameiginlegra umsýslustofnana.
- Reglur mennta- og menningarmálaráðuneytisins um kirkjulegar athafnir o.fl.
- Frumvarp til breytinga á lögum um þjóðsöng Íslendinga.
- Frumvarp til laga um tekjufallsstyrki ásamt samráðshópi tónlistariðnaðarins.

ÝMISLEGT ÚR STARFINU

Sökum veirufaraldursins var óvenju lítið um samkomur og eiginleg mannamót, slík voru að mestu leyti rafrænnar gerðar lungann úr starfsárinu. Á milli hryðja gafst þó tóm til að stinga saman nokkrum nefjum og halda fáeinar mannlegar samkomur, sem nýttust t.a.m. til að veita viðurkenningar.

Jakob og Þórir heiðraðir

Jakob Frímann Magnússon var sæmdur heiðursmerki STEFs á fundi fulltrúaráðs þann 26. september. Jakob hefur um árabil gegnt trúnaðar- og forystustörfum fyrir STEF og fullyrða má að fáir — ef nokkur — hafi í seinni tíð unnið jafn ötult og óeigingjarnt starf fyrir tón- og textahöfunda.

Fyrir atbeina og eftirfylgni Jakobs hafa fjölmörg framfaramál náðst í höfn og standa höfundar í þakkarskuld við þennan eljusama fram- og bakvörð tónlistarlífs í landinu. Auk Jakobs eru á meðfylgjandi ljósmynd þau Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri STEFs og Bragi Valdimar Skúlason, núverandi stjórnarformaður.



Þórir Baldursson veitti heiðursmerki STEFs móttöku þann 30. október. Hann hefur löngum verið virkur í félagsstarfi höfunda, sem ávallt hefur þótt fengur í því að hafa sér til ráðgjafar og fulltingis svo reyndan og málsmetandi félaga. Um árabil sat Þórir í ýmsum nefndum og stjórnnum STEFs, lét þar til sín taka og réði kollegum heilt í ýmsum málum. Engum dylst að Þórir hefur lagt mikið af mörkum við framfaramál fyrir tón- og textahöfunda á liðnum áratugum.

Langspilið – Verðlaun STEFs

Árlega hlýtur höfundur, sem að mati stjórnar er talinn hafa skarað fram úr og náð eftirtektarverðum árangri á nýliðnu ári, sérstök verðlaun STEFs, Langspilið. Verðlaunin fyrir árið 2020 féllu í skaut Önnu Þorvaldsdóttur, sem útnefnd var þann 30. október, við fámenna en fallega athöfn að Laufásvegi 40. Anna, sem búsett er í London, gat ekki ferðast sökum veirufaraldursins, en tengdist viðburðinum í gegnum fjarfundarbúnað og var það móðir hennar, Birna Þorsteinsdóttir, sem tók við verðlaunagripnum fyrir hennar hönd. Anna hefur verið nefnd eitt af áhrifamestu tónskáldum okkar tíma. Í viðtölum hefur hún sagt að tónlist hennar snúist fyrst og fremst um áferð, en Anna hefur unnið til margra verðlauna, bæði innlendra og alþjóðlegra.



DAGUR ÍSLENSKRAR TÓNLISTAR



Dagur íslenskrar tónlistar 2020 var haldinn hátíðlegur þann 1. desember. Að venju voru nokkrir aðilar heiðraðir við þetta tilefni, en athöfnin í ár var eðli málsins samkvæmt látlaus og fámenn.

Fyrir aukna innlenda dagskrárgerð, miðlun tónlistar í samkomubanni og atfylgi við íslenska tónlist í sjónvarpi, hlaut **Sjónvarp Símans** viðurkenninguna „Gluggann“.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hlaut hvatningarverðlaun fyrir öfluga og metnaðarfulla dagskrá undanfarin ár. Þá hlaut Íslenska Bylgjan nýsköpunarverðlaunin í ár, en það er útvarpsstöð sem stofnuð var á árinu og leikur eingöngu íslenska tónlist.

Heiðursverðlaunin, „Litla fuglinn“, hlaut **Jónatan Garðarsson**, fyrir framúrskarandi störf í þágu íslenskrar tónlistar í gegnum tíðina, meðal annars vandaða og metnaðarfulla dagskrárgerð í útvarpi og sjónvarpi.

Samkvæmt venju voru við athöfnina flutt þrjú íslensk sönglög; „Esjan“ eftir Bríeti Ísis Elfar og Pálma R. Ásgeirsson, „Tunglið, tunglið taktu mig“, eftir Stefán S. Stefánsson og Theodóru Thoroddsen og „Lítill fugl“ eftir þá Sigfús Halldórsson og Örn Arnarson.

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN



Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent í Hörpu 17. apríl s.l. Hátíðin var með öðru og minna sniði en jafnan vegna heimsfaraldursins og engir áhorfendur voru viðstaddir að þessu sinni. Verðlaunin dreifðust á margra hendur, en um 120 aðilar fengu tilnefningu í 37 flokkum.

Það má þó segja að **Bríet Ísis Elfar** hafi verið sigurvegari ársins, var tilnefnd í sjö flokkum og hlaut þrenn verðlaun; söngkona og textahöfundur ársins, auk þess sem popplata ársins var hennar.

Af öðrum sigurvegum má nefna HAM, fyrir rokklag ársins, Bubba Morthens var tónlistarflytjandi ársins í poppi og Hjaltalín, sem var útnefnd sem lagahöfundur ársins í flokki popps og rokks. Sigurður Flosason var lagahöfundur ársins í jazz- og blúsflokki og þeir Peter Máté og John Speight hlutu verðlaun fyrir plötu ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar. Heiðursverðlaunin í ár hlaut hljómsveitin Sigur Rós.

VIÐBURÐIR, VINNUSTOFUR OG FLEIRA

Eins og gefur að skilja, þá hefur sökum samkomubanns þurft að fella niður eða fresta fjölmörgum viðburðum á undanförunum mánuðum. Má nefna árlega tónleika í STEF-portinu á Menningarnótt, vinnustofur með tónlistarráðgjöfum samhliða Airwaves og þátttöku fulltrúa STEFs í nokkrum lagasmíðabúðum, svo eitthvað sé nefnt. Þó gafst inn á milli reglubreytinga tóm til nokkurra mannamóta, meðal þeirra sem hér greinir.

Vinnustofa um uppkaupsamninga

Á síðustu árum hafa skilin á milli dreifiveitu (e. streaming media/VoD) og framleiðenda (e. producer) máðst nokkuð út og veitum á borð við Netflix hefur vaxið hefur mjög ásmegin. Í þessu umhverfi hafa svo kallaðir *uppkaupsamningar* (e. buy-out) orðið mun algengari en áður var, ekki síst við tónhöfunda. Í mjög stuttu máli er einkennast uppkaupsamningar af því, að í þeim er allur réttur til flutningsréttartekna að viðkomandi verki framseldur framleiðanda gegn eingreiðslu.

Þegar höfundar samþykkja slík samningsákvæði, gera þeir sér oft ekki grein fyrir því hvaða mögulegu framtíðartekjum þeir eru að afsala sér og um leið hver verðmæti verka þeirra eru í raun. Að minnsta kosti er ljóst að slíkir samningar hafa af höfundum möguleikann á að fá greitt í samræmi við notkun verka sinna, þannig að ef þau ná mikilli útbreiðslu, þá nýtur höfundurinn ekki tekna í takti við velgengnina.

Þann 15. mars s.l. stóð STEF fyrir vel sóttri vinnustofu um uppkaupsamninga, þar sem þessi mál voru reifuð. Vart þarf að taka það fram, að STEF geldur varhug við slíkum samningum og hefur skorað á hérlenda framleiðendur að huga vel að rétti höfunda, ekki síst þegar stórframleiðendur á borð við Netflix eiga í hlut.

Voru þar í leiðinni kynntar niðurstöður úr könnun sem gerð var á Norðurlöndunum um algengi slíkra samninga, sem virðast enn sem komið er ekki mjög útbreiddir þar um slóðir, ekki frekar en hér á landi eins og er.

Hljóðsetning 101: Hljóðsetningarleyfi NCB

Þann 26. nóvember 2020 var haldinn kynningarfundur um hljóðsetningarleyfi NCB. Var um opinn fjarfund að ræða, þar var fjallað um leyfisveitingar fyrir notkun tónlistar í kvikmyndum og sjónvarpi og fundarmenn fræddir um réttindi og notkun tónlistar í kvikmynda- og þáttagerð. Frummælandi var Gina Rosland Eide frá NCB, sem fór í gegnum umsóknarferlið, allt frá því að lag er valið, þangað til framleiðslan er tilbúin til sýningar. Funduinn var haldinn í samstarfi við Kvikmyndamiðstöðina, SÍK og RÚV.

Lagasmíðabúðirnar NordicLA

Þau Tara Mabee, Úlfur Eldjárn og Eðvarð Egilsson tóku þátt í lagahöfundabúðum NordicLa sem fóru eingöngu fram á netinu árið 2020. Bæði Tara og Úlfur voru mjög ánægð með framkvæmdina, þótt þau hefðu auðvitað frekar vilja kynna þátttakendum persónulega. Á næstu búðum NordicLA, á þessu ári, verður áhersla lögð á kvenkyns lagahöfunda og nýlega voru þær Kristín Sesselja, Ragnhildur Veigarsdóttir og Silja Rós valdar til þátttöku og hljóta þær styrk frá STEFi.

Norrænu kvikmyndaþónskáldaverðlaunin

Íslenskum höfundum hafa fallið allmörg verðlaun í skaut á þessari hátíð undanfarin ár. Fyrir hönd Íslands tilnefndi dómnefnd verðlaunanna í ár meðlimi dúettsins *Huga*, þá Berg Þórisson og Pétur Jónsson, fyrir tónlist þeirra við heimildarmyndina *The Vasulka Effect*. Þeir hlutu þó ekki sjálf verðlaunin að þessu sinni.

Tónatal

Tónatal.is – sameiginlegt vefsvæði STEFs, SFH, ÚTÓN og Íslandsstofu — var opnað á árinu 2020. Um er að ræða svæði sem geymir gagnlegan fróðleik fyrir þau sem eru að stíga sín fyrstu skref á tónlistarbrautinni. Þar er m.a. að finna stutt kynningarmyndbönd, sem og hlaðvarpsþætti, jafnframt því sem meiningin er þarna verði safnað saman upptökum af hinum ýmsu fræðsluviðburðum aðildarfélaganna.

TENGD FÉLÖG – NEFNDIR OG RÁÐ

- STEF er aðili að IHM (Innheimtumiðstöð réttihafa), hagsmunasamtökum 11 höfundaréttarsamtaka, sem annast innheimtu og úthlutun á gjaldi vegna eintakagerðar til einkanota, sem og gjaldi fyrir endurvarp sjónvarps. Í stjórn IHM sitja fyrir hönd STEFs, *Guðrún Björk Bjarnadóttir* og *Jakob Frímann Magnússon*. Ásamt þeim situr svo *Pórunn Gréta Sigurðardóttir* í fulltrúaráði IHM.
STEF
- STEF á aðild að Fjölís, hagsmunafélagi sjö höfundaréttarsamtaka, sem koma fram fyrir hönd réttihafa að verkum er njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósritun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Í stjórn Fjölís fyrir hönd STEFs situr *Páll Ragnar Pálsson*. Í fulltrúaráði Fjölís situr *Guðrún Björk Bjarnadóttir*.
- STEF á aðild ÚTÓN sem rekur útflutningsmiðstöð íslenskrar tónlistar. *Páll Ragnar Pálsson* situr í stjórn ÚTÓNs fyrir hönd STEFs.
- STEF á aðild að Samtóni, sem er samstarfsvettvangur STEFs og SFH (Samtaka flytjenda og hljómplötuframleiðenda). Stærstu verkefni Samtóns eru að halda *Íslensku tónlistarverðlaunin (ÍTV)* og *Dag íslenskrar tónlistar (DÍT)*. Fulltrúar STEFs í stjórn Samtóns eru *Guðrún Björk Bjarnadóttir* og *Pórunn Gréta Sigurðardóttir* auk Braga Valdimars Skúlasonar. Framkvæmdastjóri ÍTV og DÍT er *Kristján Freyr Halldórsson*.
- Í stjórn Upptökusjóðs STEFs sitja *Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson*, *Oliver Kentish*, *Ragnheiður Gröndal* og *Arnar Freyr Frostason*.
- Í stjórn Nótñasjóðs STEFs sitja *Tryggvi M. Baldvinsson*, *Gunnar Þórðarson*, *Hafdís Bjarnadóttir* og *Úlfar Ingi Haraldsson*.
- Í stjórn Ferðasjóðs STEFs sitja *Lárus Grímsson* og *Rósa Birgitta Ísfeld*.
- Í stjórn Tónskáldasjóðs RÚV og STEFs sitja fyrir hönd STEFs þeir *Védís Hervör Árnadóttir* og *Tryggvi M. Baldvinsson*, en auk þeirra situr útvarpsstjóri í stjórninni. Varamenn eru *Hallur Ingólfsson* og *Pórunn Ósk Marinósdóttir*.
- Í stjórn Tónskáldasjóðs Bylgjunnar og Stöðvar 2 sitja fyrir hönd STEFs þau *Bragi Valdimar Skúlason* og *Pórunn Gréta Sigurðardóttir*, en auk þeirra situr forstjóri Sýnar í stjórninni.
- Í stjórn Tónmenntasjóðs kirkjunnar situr fyrir hönd STEFs *Hildigunnur Rúnarsdóttir* og er *Gunnar Andreas Kristinsson* varamaður hennar.
- Fyrir hönd STEFs situr í Höfundaréttarráði *Karólína Eiríksdóttir*.
- Í hinni íslensku dómnefnd *Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunanna*, sitja þau *Pétur Jónsson*, *Hilmar Oddsson*, *Margrét Örnólfsdóttir*, *Hilmar Örn Hilmarsson* og *Guðrún Björk Bjarnadóttir*. STEF annast umsjúslu þessara verðlauna fyrir hönd Íslands.
- Matsmenn STEFs eru þeir *Hallur Ingólfsson* og *Ingi Garðar Erlendsson*.
- Í úthlutunarnefnd á starfsárinu sátu *Guðrún Björk Bjarnadóttir*, *Stefán Hilmarsson* og *Einar Hafliði Einarsson* endurskoðandi.
- Undirnefndir vegna úthlutunar eru þrjár og í þeim sátu:
Sígræna nefndin: *Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson*, *Árni Harðarson* og *Lára Rúnarsdóttir*.
DMB-nefndin (dansleikir, mannfagnaðir, bakgrunnstónlist): *Hreimur Örn Heimisson*, *Stefanía Svavarsdóttir* og *Sveinbjörn Pálsson*.
Nefnd um kirkjulegar athafnir: *Óskar Einarsson*, *Regína Ósk Óskarsdóttir* og *Þórir Úlfarsson*.
- Í Jafnréttisnefnd STEFs sitja *Hera Björk Þórhallsdóttir*, *Halldór Smáráson*, *Lára Rúnarsdóttir* og *Jakob Frímann Magnússon*.
- Í stjórn SUT (Styrktarsjóður samtaka um tónlistarhús og Ruthar Hermanns) situr *Gunnar Þórðarson* f.h. STEFs.

MENNINGARSJÓÐUR STEFS

STEF styrkir innlenda menningarstarfsemi á ýmsan hátt í gegnum Menningarsjóð STEFs. Ekki er þó hægt að sækja um styrki í þennan sjóð, heldur styrkir hann föst verkefni samkvæmt ákvörðun stjórnar STEFs hverju sinni. Í samræmi við samþykktir STEFs skal af því fé sem samtökin innheimta greiða fyrst opinber gjöld og síðan allan rekstrarkostnað, en af því sem þá verður eftir skal af innlendum tekjum greiða allt að 10% til Menningarsjóðs STEFs, eftir nánari ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs samtakanna. Úr þeim sjóði er heimilt samkvæmt ákvörðun aðalfundar fulltrúaráðs á ári hverju að úthluta fé til starfsemi aðildarféлага STEFs. Skulu félögin eiga jafnan rétt til úthlutunar, enda sé fjármununum varið til sambærilegrar starfsemi. Öll ráðstöfun fjár úr Menningarsjóði skal vera gegnsæ og tilgreind í ársreikningi samtakanna og skulu aðildarfélögin gera sérstalega grein fyrir ráðstöfun úthlutaðs fjár.

Tillag í Menningarsjóð nam 35 milljónum króna árið 2020 og var fjárhæðin óbreytt milli ára. Af menningarframlaginu var úthlutað kr. 7.058.004 til hvors aðildarfélags, *Félags tónskálda og textahöfunda (FTT)* og *Tónskáldafélags Íslands (TÍ)*. Greinargerðir þeirra um ráðstöfun á framlaginu er að finna hér í skýrslunni.

Sundurgreining á notkun fjár úr Menningarsjóði kemur fram í ársreikningi og er sem hér segir:

Menningarsjóður:	2020	2019
Staða í ársbyrjun	4.842.412	3.351.625
Framlag STEFs	35.000.000	35.000.000
Til úthlutunar	39.842.412	38.351.626
Tillag til TÍ	7.058.004	7.058.004
Tillag til FTT	7.058.004	7.058.004
Framlag v. Samtóns	4.738.387	1.056.001
Framlög v. ÍTV	4.817.749	5.595.767
Framlag v. Útflutningssjóðs Ísl.tónlistar	1.500.000	1.500.000
Framlag v. ÚTÓN	1.825.000	1.500.000
Framlag í Upptökusjóð	6.000.000	6.000.000
Styrkir stjórnar	350.000	896.202
Önnur framlög og kostnaðarpáttaka	4.052.014	2.845.236
Úthlutað á árinu	37.399.158	33.509.214
Staða í árslok	2.443.254	4.842.412

RÁÐSTÖFUN MENNINGARFRAMLAGS STEFS AF HÁLFU AÐILDARFÉLAGA 2020

GREINARGERÐ FRÁ FÉLAGI TÓNSKÁLDA OG TEXTAHÖFUNDA (FTT)

Menningarframlag STEFs 2020:	7.058.004	Útgöld:	
		Laun og launatengd gjöld	5.370.193
		Funda- og viðskiptakostnaður	306.036
		Risna og gjafir	473.040
		Félags- og aðildargjöld	180.184
		Gjaldfærð áhöld og tæki	285.452
		Sími og skrifstofukostnaður	90.828
		Rekstur og tölvubúnaður heimasíðu	648.643
		Reikningsleg aðstoð	388.732
		Annar kostnaður	39.666
		Samtals:	7.782.774

Ráðstöfun menningarframlags STEFs til *Félags tónskálda og textahöfunda* má sjá hér að ofan. Rekstur skrifstofu ber þar hæst, en einnig má nefna gerð nýrrar vefsíðu og umsýslu hennar, kostnað við bókhald og gerð ársreiknings o.fl.

Stjórn FTT skipuðu á árinu Bragi Valdimar Skúlason (formaður), Védís Hervör Árnadóttir (varaformaður), Helgi Björnsson, Sóley Stefánsdóttir og Samúel Jón Samúelsson. Varamenn voru Ragnheiður Gröndal og Hallur Ingólfsson. Félagið berst fyrir hagsmunum félagsmanna sinna á ýmsum vígstöðvum; innan stjórnáráðs, hjá fjölmiðlum og ljósvakamiðlum, auk þess að taka þátt í norrænu og evrópsku samstarfi systurfélaga.

Áhrif COVID-19 á starfsemi félagsins eru auðgreinanleg og lögðu forsvarsmenn félagsins sitt af mörkum í samvinnu við samstarfshóps tónlistarfólks í samtali við stjórnvöld um úrbætur til handa tónlistarfólki sem missti vinnuna og varð af milljónatekjum. Þúsundum viðburða var aflýst og enn hafa hjól tónleikalífsins varla getað farið í gang. Tekjufalls- og viðspyrnustyrkir litu þó dagsins ljós. Einnig var framkvæmdastjóri FTT nokkrum tónlistarmönnum innan handar sem stofnuðu FSST; Félag sjálfstætt starfandi tónlistarfólks, sem beitti sér einnig fyrir leiðréttingu og styrkjum til íslenskra tónlistarmanna í rhytmíska geiranum. Viðbrögð stjórnvalda voru jákvæð, en það tók langan tíma að nýja kerfinu í gang.

Ný heimasíða FTT fór í loftið á árinu, enda sú gamla í úreltu forritunarkerfi og barn síns tíma. Breytingar á samþykktum STEFs komu til framkvæmda í stjórn og fulltrúaráði og stofnaður var samráðshópur um vettvang fyrir listafólk (gigg.is) og er Védís Hervör þar fulltrúi FTT.

Fyrirhuguð Garðveisla FTT, sem haldin er árlega seint í ágúst, var slegin af vegna samkomutakmarkana og Söngvasmiðja var sett í salt út af ástandinu. Það stóð til að FTT héldi hið árlega NPU-þing á árinu, en COVID-19 sá til þess að ekkert varð úr.

FTT hélt tvö námskeið fyrir félagsmenn en þar veitti Margeir Steinar Ingólfsson frá Hugsmiðjunni innsýn í heim samfélagsmiðla og hvernig mætti best nýta þá til kynningar á tónlistarfólki og tónleikahaldi þess.

GREINARGERÐ FRÁ TÓNSKÁLDAFÉLAGI ÍSLANDS (TÍ)

Menningarframlag STEFs til Tónskáldafélags Íslands er að mestum hluta ráðstafað til daglegs reksturs Tónskáldafélagsins, t.d. kostnað við hýsingu vefsíðu, kostnað við frágang bókhalds og gerð ársreikninga, almenns skrifstofukostnaðar, þátttöku í alþjóðasamstarfi og kostnað við að halda úti stjórn og framkvæmdastjórn.

Félagsstarfið

Signý Leifsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri félagsins frá og með 1. maí 2020 í 20% starfshlutfalli, en fram að þessu hafði formaður félagsins séð um öll framkvæmdamál samhliða formennsku. Þetta reyndist mikið heillaspor fyrir félagið og jók verulega á skilvirkni starfseminnar. Heimasíða félagsins var endurbætt á árinu og þar eru nú aðgengilegar upplýsingar um alla helstu starfsemi félagsins, auk ýmissa hagnýtra upplýsinga fyrir tónskáld og tónlistarfólk. Sjá nánar á <http://tonskaldafelag.is>.

Myrkir músíkdagar

Myrkir músíkdagar fóru fram með hefðbundnu sniði í lok janúar 2020 og var mikið um dýrðir, en hátíðin fagnaði þá 40 ára afmæli. Á opunarathöfninni voru tveir meðlimir TÍ útnefndir heiðursfélagar, þau *Björk Guðmundsdóttir* og *Jón Ásgeirsson*. Hátíðin var auk þess tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem viðburður ársins í flokki sígildrar- og samtímatónlistar.

Nýtt skipulagsteymi tók síðan við að þessari hátíð lokinni, þau *Ásmundur Jónsson*, listrænn stjórnandi og *Ragnheiður Mátisól Sturludóttir*, framkvæmdastjóri. Þau tóku við af *Gunnari Karel Mássyni* og *Ásu Fanneyju Gestsdóttur*. Tónskáldafélagið hlakkar mjög til samstarfs við nýtt teymi og þakkar fráfarandi teymi þeirra framúrskarandi góða starf.

Alþjóðasamstarf


Tónskáldafélagið er aðili að Norræna tónskáldaráðinu, NKR, sem m.a. heldur úti tónlistarhátíðinni Norrænum músíkdögum. Sú hátíð er haldin til skiptis í aðildarlöndunum. NKR fundar að jafnaði fjórum sinnum á ári, einu sinni í tengslum við Norræna músíkdaga, en þrisvar sinnum þess utan. Til stóð að Norrænir músíkdagar færu fram á Íslandi árið 2021, en vegna Covid-19 frestast þeir um eitt ár og munu fara fram 10-13. október 2022. Undirbúningur fyrir hátíðina er kominn vel á veg og hefur gengið ágætlega þrátt fyrir erfiðar aðstæður undanfarið ár.

Tónskáldafélagið er einnig aðili að ISCM, International Society for Contemporary Music, sem heldur úti hátíðinni World New Music Days. Það er árleg hátíð sem haldin er í samstarfi við eitthvert aðildarlandanna hverju sinni. Valið á því hvar hátíðin er haldin grundvallast á umsóknum frá aðildarlöndum. Aðalfundur ISCM er haldinn samhliða hátíðinni, en hvert aðildarland hefur rétt á að senda tvo fulltrúa á aðalfundinn, einn með fullan atkvæðisrétt, en annan með áheyrnarrétt og tjáningarfrelsi. Þá hefur hvert aðildarland rétt á að kynna eitt tónskáld á hátíðinni, sem fær þá eitt verk flutt og fullan þátttökurétt í öllum viðburðum. Þessi hátíð hefur verið mörgum tónskáldum mikilvægt tækifæri til að skapa sér frekari starfsvettvang erlendis.


NOKKRAR LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI STEFS 2020

Ánægjulegt er að greina frá því, ekki síst í ljósi aðstæðna, að heildarúthlutun 2020 var hærri en árið á undan. Tekjufall vegna veirufársins mun hins vegar koma fram á þessu ári og viðbúið að úthlutanir verði lægri. Á árinu lækkaði STEF úthlutunarlágmark niður í 1.000 kr. (úr 5.000). Mun fleiri tónhöfundar fengu því greitt frá STEFi árið 2020 en nokkru sinni.


REKSTRARTEKJUR 2020




REKSTRARGJÖLD 2020




HREINAR TEKJUR ÁRSINS 2020




TEKJUR AÐ FRÁDR. REKSTARGJÖLDUM 2020




TEKJUR AF TÓNLEIKUM OG VEITINGAHÚSUM




HEILDARÚTHLUTUN 2020



SKIPTING REKSTRARTEKNA 2020 SAMTALS 855.092.069



SKIPTING INNLENDRA FLUTNINGSTEKNA 2020 SAMTALS 464.435.833



UPPLÝSINGAR UM ÚTHLUTANIR OG FRÁDRÁTTARLIÐI

Hér er getið sérstaklega nokkurra úthlutunar- og frádráttarliða í samræmi við tilskipun ESB um sameiginlega umsýslu höfundaréttargreiðslna. Að öðru leyti skal vísað í ársreikning STEFs, sem fyrir liggur á vefsíðu samtakanna (www.stef.is).

Úthl. innanlands '20:		Frádráttarliðir:
170.744.951	Úthl. v. útv. og sjónv. (þ.m.t. VOD)	20,3% kostn.hlutfall & 10% menningarframlag
	Þar af eru 96.334.301 skilgr. sem bakgr.tónl.	
47.269.454	Önnur bakgr.tónl. (heilsurækt, kirkjur, o.fl.)	20,3% kostn.hlf. & 10% menn.framl.
22.664.000	Frumflutningur	0
22.048.711	Sala á hljóðritum og streymi (NCB og NMP)	Af NCB: 0% / Af NMP: 10% menn.framl. og 3% umsýsl.gj.
19.270.312	Lifandi flutningur innanlands	10% umsýslugjald
116.991.876	Flutningur erlendis	3% umsýslugjald
398.989.304	Samtals	

Erlend systursamtök innheimta höfundaréttindatekjur fyrir STEF, sem úthlutar þeim áfram til réttshafa. Erlendar flutningsréttartekjur 2020 skiptust svo á milli landa:

Erlendar tekjur e. löndum '20:			
Austurríki	1.605.550	Króatía	255.614
Ástralía	1.582.618	Lettland	198.203
Bandaríkin	16.336.218	Litháen	360.644
Brasilía	127.553	Noregur	3.235.875
Bretland	21.521.329	Nýja Sjáland	212.845
Chile	144.918	Portúgal	189.933
Danmörk	6.718.131	Pólland	1.121.011
Eistland	145.032	Rúmenía	301.400
Finnland	3.180.817	Slóvakía	245.983
Holland	7.557.155	Sviss	4.434.546
Hong Kong	93.510	Svíþjóð	8.830.355
Írland	695.091	Tékkland	83.693
Ísrael	558.686	Ungverjaland	418.268
Ítalía	3.926.472	Pýskaland	24.415.506
Japan	5.047.023	Ýmsar greiðslur	1.350.829
Kanada	2.223.808	Samtals	117.118.606

AÐRAR TEKJUR EN FLUTNINGSTEKJUR

Frá SFH (Sambandi flytjenda og hljómplötframleiðenda) þiggur STEF þóknun fyrir innheimtu SFH-gjalda, sem STEF innheimtir af viðskiptavinum samhliða innheimtu höfundaréttargjalda. Þær tekjur dragast frá rekstrargjöldum áður en til frádráttar kemur frá réttindatekjum, sem og hlutdeild í úthlutun IHM vegna eintakagerðar til einkanota, sem úthlutað er saman með flutningsréttindum fyrir bakgrunnstónlist. Þá tekur STEF á móti úthlutunum nokkurra umsýslustofnana sem og umsömdum greiðslum og ráðstafar áfram með úthlutunum úr hinum ýmsum sjóðum, en af þeim úthlutunum (sértekjum) er ekki dregið rekstrar-, eða umsýslugjald, né framlag í Menningarsjóð. Þessar tekjur eru tilgreindar í ársreikningi og eru:


Aðrar tekjur sem STEF fékk frá umsýslustofnunum 2020:	
31.525.477	Úthlutun frá IHM, vegna eintakagerðar til einkanota
17.471.861	Innheimtuþóknun frá SFH (Samb. flytjenda og hljómplötuframleiðenda)
Sértekjur tónmenntasjóða 2020:	
7.976.998	Úthlutun frá FJÖLÍS (Nótnasjóður)
14.448.819	Úthlutun frá IHM, vegna kapalútvarps (Upptökusjóður)
7.313.815	Sértekjur frá RÚV (Tónskáldasjóðs RUV og STEFs)
3.000.000	Sértekjur frá SÝN (Tónskáldasjóðs Bylgjunnar og Stöðvar 2)
3.000.000	Sértekjur, framlag STEFs (Tónskáldasjóðs Bylgjunnar & Stöðvar 2)
Ógreiddar úthlutanir við áramót '20-'21:	
15.616.967	Ógreitt vegna úthlutana
9.807.358	Ógreitt vegna NCB-úthlutunar í janúar 2020
0	Ógreidd erlend úthlutun (STIM)

Upplýsingar um meðlimi og skráningar 2020


- Í lok ársins 2020 var fjöldi höfunda á skrá **7.856**.
- Nýjum höfundum fjölgaði um **357** á árinu 2020.
- Fjöldi verka á skrá í lok ársins var **96.378**.
- Á árinu var flutningur skráður á **18.114** verk.
- **4.140** höfundar fengu greitt fyrir flutning verka sinna árinu.

Kynjaskipting 2020

HÖFUNDAR Á SKRÁ



AÐILD AÐ VERKUM



ÚTHLUTUN 2020

